

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 2016 í máli nr. S-717/2015:**

**Ákærvaldið**

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**Sigurvin Bachmann**

*(Guðmundur St. Ragnarsson hdl.)*

## I

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 27. nóvember 2015 „á hendur Sigurvin Bachmann, Reykjavík fyrir nauðgun og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa kvöldi mánudagsins 17. júní 2013, inni á baðherbergi að [...], haft samræði við K, sem þá var 15 ára gömul gegn vilja hennar, með því að beita hana ólögumatri nauðung með því að notfæra sér yfirburði sína gagnvart henni vegna aldurs- og þroskamunar og að hún var stödd á ókunnugum stað, og sumpart með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og þreytu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu [...], fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, K, er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. júní 2013 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að bótakröfunni verði vísað frá dómi og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

## II

Málavextir eru þeir að með bréfi barnaverndarnefndar í sveitarfélagi brotaþola 9. september 2013 var beðið um lögreglurannsókn á kynferðisbroti er

brotapoli átti að hafa orðið fyrir 17. júní sama ár. Í bréfinu kemur fram að brotapolí hafi rætt um þetta við geðhjúkrunarfræðing á barna- og unglíngageðdeild og eins hefði hún farið í könnunarviðtal í Barnahúsi. Í bréfinu segir að móðir brotapola hafi komið í viðtal hjá starfsmanni nefndarinnar. Í viðtalinu hafi komið fram að brotapolí hefði verið í miðbænum 17. júní ásamt félögum sínum. Hún hefði drukkið töluvert af áfengi. Brotapolí hefði síðan farið ásamt félögum sínum á heimili manns í miðbænum en ekki hefði hún munað nákvæmlega hvar það var. Í íbúðinni hefði meintur gerandi dregið hana inn á baðherbergi. „Hafi hún neitað að gera það sem meintur gerandi bað hana um að gera en hann hafi komið fram vilja sínum gagnvart henni. Hún hafi sagt við hann að hún vildi þetta ekki, en hann ekki hlustað á hana. Hafi hún verið standandi inni á baðherberginu þegar atvikið átti sér stað.“ Brotapolí hefði síðan farið úr íbúðinni og haft samband við foreldra sína er hefðu komið og sótt hana. Eftir móðurinni er haft að brotapolí hafi ekki nefnt þennan atburð er hún kom heim og það hafi ekki verið fyrir en eftir könnunarviðtalið sem hún hafi viljað ræða um hann. Í fyrstu hafi brotapolí ekki viljað kæra en síðar hafi henni snúist hugur.

Meðal gagna málsins er vottorð frá barna- og unglíngageðdeild varðandi brotapola. Þar er orðrétt haft eftir geðhjúkrunarfræðingi um viðtal hennar við brotapola 20. júní: „Sagði frá því að á 17. júní hefði hún orðið drukkin, lent í stjórnleysi og atburðir kvöldsins væru að e-u leyti í þoku. Hún greindi u-r frá því að hún myndi þó að henni hefði verið nauðgað þetta kvöld af jafnaldra sínum, sem hún nafngreindi. Liðið mjög illa á eftir, finnur fyrir skömm og kennir sér um. Ekki búin að segja neinum öðrum frá þessu. U-r útskýrði skyldu heilbrigðisstarfsfólks til að tilkynna slíka atburði bæði til foreldra og viðkomandi barnaverndarnefndar.“

Lögreglan tók skýrslu af móðurinni 23. september og kom þar hið sama fram og rakið var hér fyrir úr bréfinu. Móðirin kvað föður brotapola hafa sótt hana að kvöldi 17. júní og fundið hana dauðadrukknna inni á salerni skyndibitastaðar. Þegar brotapolí kom heim hefði hún ekki virst dauðadrukkin en greinilega verið undir áhrifum.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 25. september bar brotapolí að hafa verið á heimili manns ásamt ákærða og fleira fólki. Hún hefði komið þangað í strætisvagni með félaga sínum. Brotapolí kvaðst hafa verið drukkin og hefði húsráðandi klipið hana í rassinn. Hún kvaðst hafa setið í sófa við hlið ákærða er hefði sagt að hún ætti að kyssa hann til að húsráðandi léti hana í friði. Hún kvaðst hafa kysst hann en hann hefði þá farið að troða hendi hennar niður í buxur hennar. Hún kvaðst hafa sagt honum að hætta en hann hefði bara hlegið að henni. Næst kvaðst hún muna eftir að hún hefði staðið upp en verið svo drukkin að henni hefði fundist hún eins og fljúga um herbergið. Ákærði hefði þá komið, tekið hana og borið hana inn á

baðherbergi. Þar hefði hann ýtt henni upp að vegg og dregið niður um hana buxurnar. Hún kvaðst hafa spurt hann hvað hann væri að gera en þá hefði hann sett hana upp á vaskinn og reynt að koma limnum inn í hana. Það hefði ekki tekist en hann hefði sest á klósettið og sett hana yfir sig og farið inn í hana óvarinn. Ákærði hefði lokið sér af, tekið hana af sér, gyrt sig og farið út úr baðherberginu.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða 3. október 2013 að viðstöddum þáverandi verjanda hans. Hann kvaðst hafa verið í samkvæmi 17. júní 2013 er brotaþoli hefði hringt og spurt um samkvæmi. Hann kvaðst hafa sagt henni að koma. Það hefði hún gert ásamt vini sínum og drukkið allt áfengið þarna eins og hann orðaði það. Hún hefði síðan verið að biðja alla um að koma með sér inn í herbergi og „maður segir ekki nei ef maður er fullur“ sagði ákærði orðrétt. Ákærði kvað nokkra pílta hafa verið í samkvæminu og hefði hann beðið einn þeirra að fylgja brotaþola heim vegna þess hversu ölvuð hún hafi verið, hún hafi verið „dauð“ klukkan átta.

Ákærði kvaðst hafa farið inn í svefnherbergi með brotaþola og haft við hana samfarir að hennar beiðni. Hann taldi þau hafa verið standandi á meðan en kvaðst lítið muna eftir þeim sökum ölvunar.

Aftur var tekin lögregluskýrsla af ákærða 3. júlí 2014 og þá að viðstöddum núverandi verjanda hans. Hann neitaði nú að hafa haft kynmök við brotaþola. Hann kvað hana hafa setið við hlið sér í sófa en síðan farið inn á baðherbergi og hefði húsráðandi elt hana en ekki kvaðst ákærði vita hvort hann hefði farið með henni inn. Nánar spurður kvað ákærði brotaþola hafa gengið í átt að baðherberginu en ekki kvaðst hann vita hvort hún hefði farið þangað inn. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna í fyrri yfirheyrslu og þess vegna viðurkennt kynmök við brotaþola.

### III

Við aðalmeðferð skýrði ákærði svo frá að hann hefði farið til vinar síns eftir að dagskrá 17. júní 2013 lauk. Með honum hefðu farið þrír félagar hans. Á heimili vinarins hefði verið samkvæmi og hefði brotaþoli hringt í einn féлага ákærða og spurt eftir samkvæmi. Ákærði kvaðst hafa tekið símann af honum og sagt brotaþola að þarna væri samkvæmi. Áður en brotaþoli kom með féлага sínum hefðu félagar ákærða, allir þrír, farið að kaupa tóbak. Þeir hefðu ekki komið aftur og voru því eftir í samkvæminu ákærði, brotaþoli, félagi hennar og húsráðandi, vinur ákærða. Ákærði kvað sig og brotaþola hafa setið í sófa og hefðu þau verið að kyssast og knúsa hvort annað. Hann kvað brotaþola hafa drukkið romm og landa og hafi hún verið orðin allverulega ölvuð. Þá kvað hann hana og féлага hennar hafa reykt marijúana áður en þau komu. Ákærði kvaðst hafa kannast við brotaþola og hafa

vitað að hún var tveimur árum yngri en hann.

Ákærði kvað eitt hafa leitt af öðru þegar þau voru í sófanum og það hefði verið sameiginleg ákvörðun þeirra að gera eitthvað meira eins og hann orðaði það. Þau hefðu spurt hvort annað hvort þau ættu að gera eitthvað meira og hefðu bæði jánkað því. Hann kvað þau hafa farið inn á baðherbergi og gengið hlið við hlið. Þar hefði hún tekið niður um sig buxurnar og hann hefði tekið buxurnar niður um sig. Þau hefðu verið að kysstast og haft samfarir. Fyrst hefðu þau verið standandi við samfarirnar en síðan hefðu þau sest niður. Hann kvaðst hafa sest á klósettið og hún hefði sest ofan á hann. Ákærði kvaðst hafa fengið sáðlát og brotþoli hefði sagt „ekki hætta“ en hann hefði ekki getað meira. Ákærði tók fram að brotþoli hefði viljað þetta og hefði hún verið pirruð yfir því að hann hefði ekki getað meira. Eftir samfarirnar hefðu þau farið fram og farið að spjalla saman en brotþoli hefði verið svo drukkin að hann hefði beðið félagu hennar að fara með hana og hefði hann gert það. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum þennan dag, aðallega kókaíns.

Ákærði var spurður um framburð sinn hjá lögreglu og kvaðst hann hafa verið hræddur í yfirheyrslunni við að verða sakfelldur fyrir eitthvað sem hann væri saklaus af. Hann kvaðst hafa sagt sannleikann fyrir dómi.

Brotþoli kvaðst hafa verið í miðbænum með vinkonu sinni 17. júní 2013. Hún kvað ákærða hafa hringt í sig og í framhaldinu hefði hún farið með félagu sínum í strætisvagni í úthverfi þar sem hafi verið samkvæmi í húsi. Hún kvaðst ekki hafa verið ölvuð og ekki verið undir áhrifum efna. Brotþoli kvað ákærða hafa komið á móti þeim á stoppistöðina og fylgt þeim að húsinu. Þar hefði verið húsráðandi og tveir piltar. Þau hefðu fyrst verið að spjalla og eins hefði ákærði gefið henni töflu sem hann hefði sagt að væri ofnæmistafla. Hún kvaðst einnig hafa fengið romm að drekka.

Brotþoli kvað tvo sófa hafa verið í stofunni og hefði hún setið í öðrum þeirra ásamt ákærða. Þau hefðu verið að spjalla saman og hefði ákærði sagt henni að kærasti hennar hefði verið með annarri stelpu. Hefði ákærði verið að reyna að fá hana til að hætta með kærastanum. Brotþoli kvaðst hafa verið búin að drekka mikið og hefði hún átt erfitt með gang og helst viljað sitja í sófanum og sofna. Hún kvað ákærða hafa haldið á henni inn á baðherbergið en þau hefðu ekkert verið búin að ræða saman á kynferðislegum nótum. Þá kvaðst hún ekki muna til þess að þau hefðu verið að kyssast í sófanum. Á baðherberginu hefði ákærði klætt hana úr buxunum og var hún þá standandi. Hún kvaðst hafa haft augun lokuð og ekki vita hvort ákærði fór úr buxunum. Brotþoli kvað mjög erfitt fyrir sig að rifja þetta upp. Hún myndi illa eftir þessu vegna þess að hún hefði reynt að gleyma þessu og loka á það. Hún vildi ekki reyna að geta í eyðurnar en kvað ákærða hafa sett hana upp á borð þar sem vaskur var. Þar kvað hún hann hafa sett lim sinn inn í leggöngin á

henni. Hún kvaðst þó ekki alveg muna hvort honum hefði tekist þetta en hann hefði svo sest á klósettið og haldið henni ofan á sér og hefði þá limur hans verið inni í henni. Þessu hefði lokið er ákærði hefði fengið sáðlát. Hún kvaðst hafa lokað augunum og beðið eftir að þessu lyki enda hefði hún ekki viljað þetta. Ákærði hefði ekki beðið hana um leyfi. Hann hefði svo staðið upp og hún kvaðst hafa farið fram. Á eftir hefði hún svo farið heim á leið með strætisvagni en farið úr á leiðinni og hringt í foreldra sína. Faðir hennar hefði sótt hana þangað sem hún var sofandi á gólfi salernis á bensinstöð. Brotapoli kvaðst hafa orðið mjög ölvuð í íbúðinni en hún hefði ekki verið að drekka áður en hún kom þangað. Þá kvaðst hún ekki hafa notað önnur vímuefni.

Vinkona brotþola, sem var með henni 17. júní, bar að þær hefðu farið saman niður í bæ þennan dag. Þaðan kvaðst hún hafa tekið strætisvagn út á land. Brotapoli hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Hún kvað brotþola hafa síðar sagt sér að hún hefði verið tekin inn á salerni og misnotuð en ekki kvaðst hún muna nánar að greina frá þessu nema hvað hún kvað brotþola hafa sagt sér að ákærði hefði verið gerandinn. Vinkonan kvað brotþola hafa verið niðurbrotna þegar hún sagði frá þessu.

Félagi brotþola, sem fór með henni í samkvæmið, kvaðst hafa hitt hana niðri í bæ 17. júní og hefði hún beðið hann að koma með sér í úthverfið. Þar hefði hún ætlað að hitta ákærða en þau hefðu verið búin að ræða saman. Þau hefðu farið með strætisvagni og hefði ákærði sótt þau á stoppistöðina. Þau hefðu farið saman að húsi og þar hefðu verið félagar ákærða. Þeir hefðu farið skömmu eftir að þau komu og voru þau brotþoli þá eftir ásamt ákærða og húsráðanda. Þau hefðu verið í stofunni að spjalla saman og eitthvað hefði verið drukkið af áfengi, að minnsta kosti hefði brotþoli verið orðin vel full. Hann kvað hana hafa drukkið áfengi niðri í bæ. Að öðru leyti kvaðst hann ekki mikið muna eftir áfengisneyslu þarna. Hann kvað ákærða og brotþola hafa setið saman í sófanum en ekki kvaðst hann muna hvort þau hefðu verið að kyssast. Eitthvað hefði þó verið á milli þeirra eins og hann orðaði það. Hann kvað þau hafa farið saman inn á baðherbergi og verið þar skamma stund. Nánar spurður kvaðst hann hafa séð þau standa upp og ganga saman í áttina að baðherberginu. Eftir það kvaðst hann hafa ákveðið að fara. Hann tók fram að hann hefði verið 13 ára á þessum tíma og þurft að koma sér heim. Brotapoli hefði komið á eftir sér og þau hefðu farið saman í strætisvagni. Brotapoli hefði ekki rætt um neitt á leiðinni enda hefði hún verið mjög drukkin. Hann kvaðst ekki muna til þess að ákærði hefði beðið sig um að fara með brotþola.

Húsráðandi í húsinu þar sem samkvæmið var bar að ákærði hefði verið í heimsókn hjá sér nefndan dag ásamt félögum sínum. Eins hefðu komið þangað piltur og stúlka. Fólkið hefði verið að skemmta sér en svo hefðu einhverjir farið.

Hann kvaðst geta borið um kynlíf inni á baðherbergi enda hefði hann heyrt það en ekki gat hann lýst því nánar. Húsráðandi kvaðst ekki hafa séð ákærða og stúlkuna kyssast í stofunni. Hann hefði séð ákærða og brotþola fara inn á baðherbergið og verið þar allnokkra stund. Hann kvaðst hafa verið að drekka romm en ekki mundi hann hvort fleiri hefðu drukkið.

Einn af félögum ákærða sem voru í samkvæminu kvaðst þekkja brotþola í gegnum vini sína. Þarna hefðu verið nokkrir menn og þar á meðal ákærði. Brotþoli hefði komið og með henni piltur. Hún hefði verið útúrlyfjuð og sagst hafa verið að taka töflur. Hann kvaðst hafa farið skömmu eftir að brotþoli kom. Sjálfur kvaðst hann hafa verið búinn að reykja gras. Hann mundi ekki eftir hvort ákærði hefði verið undir áhrifum. Hann gat ekkert borið um ákæruefnið.

Annar félagi ákærða bar að hafa verið í nefndu húsi 17. júní er brotþoli hefði hringt í hann og viljað hitta hann. Hann kvaðst ekki hafa getað það og sagt henni það. Hann kvað hana þá hafa rætt við ákærða í símann en ekki kvaðst hann hafa hlustað á samtalið. Hann kvaðst hafa verið farinn þegar brotþoli kom í húsið þennan dag en hafa vitað að hún ætlaði að koma. Hann kvað brotþola hafa sagt sér síðar að hún og ákærði hefðu farið inn á baðherbergi eftir að hafa verið að kyssast. Á baðherberginu hefði ákærði misnotað brotþola að hennar sögn.

Þriðji félagi ákærða bar að hafa verið í nefndu húsi og mundi eftir brotþola en gat að öðru leyti lítið sem ekkert um málsatvik borið.

Móðir brotþola bar að faðir brotþola hefði sótt hana að kvöldi 17. júní og kvaðst hún hafa séð að brotþoli var undir áhrifum áfengis. Brotþoli hefði skýrt geðhjúkrunarfræðingi frá því sem hafði gerst og hefði hún sagt sér frá þessu. Geðhjúkrunarfræðingurinn hefði sagt sér eftir brotþola að ákærði hefði gefið henni töflu, farið með hana inn á bað og komið fram vilja sínum. Síðar hefði brotþoli sagt sér þetta að viðstöddum geðhjúkrunarfræðingnum.

Faðir brotþola kvaðst hafa farið að sækja hana og fundið hana á gólfi salernis skyndibitastaðar, hálfmeðvitundarlausu. Hann kvaðst hafa gert ráð fyrir að hún væri drukkin enda hefði hann fundið áfengislykt af henni. Brotþoli hefði ekki sagt sér hvað gerst hefði. Hann kvað eiginkonu sína hafa sagt sér frá því sem brotþoli hefði sagt henni. Síðar hefði brotþoli sagt sér frá því að ákærði hefði gefið henni ofnæmistöflu vegna þess að dýr væru í íbúðinni. Hann hefði síðan nauðgað henni inni á baðherbergi.

Framangreindur geðhjúkrunarfræðingur staðfesti vottorð sitt. Hún kvaðst hafa sinnt brotþola í rúmt ár áður en atburður sá varð sem er ákæruefnið. Hún kvað brotþola hafa komið til sín 20. júní og sagt sér frá því að hún hefði farið niður í bæ 17. júní og þar hefði ákærði dregið hana með sér inn í hús. Þar hefði hann dregið hana inn á baðherbergi og nauðgað henni. Í framhaldinu hefði brotþola

liðið mjög illa og lagst inn á BUGL eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af lyfjum. Þá hefði hún borið merki um áfallastreituröskun. Áður en þetta gerðist bar á þunglyndiseinkennum hjá brotþola. Hún hefði flutt í annað bæjarfélag vegna félagslegra vandamála í skóla. Hún kvað brotþola hafa leitað til sálfræðings og eins hefði hún farið í viðtöl í Barnahúsi.

Sérfræðingur Barnahúss, sem ræddi við brotþola, kvað hana hafa skýrt sér frá atvikum í samræmi við það er áður var komið fram. Brotþoli hefði hitt ákærða heima hjá manni. Hún hefði verið mjög drukkin og svo hefði eitthvað gerst inni á baðherbergi. Hún kvað það ekki hafa verið sitt hlutverk að grafast fyrir um hvað hefði gerst heldur frekar hjálpa brotþola. Hún kvað brotþola hafa liðið mjög illa vegna þessa og eins hefði hún kennt sjálfri sér um þar eð hún hefði verið drukkin. Brotþoli sagði henni að það sæti í henni að hafa ekki gefið sterkar til kynna að hún vildi þetta ekki. Þá kom einnig fram hjá brotþola að eftir þetta hefði brotþoli gert tilraun til sjálfsvígs en hún hefði reynt það áður. Einnig hefði brotþoli átt við margs konar vanda að etja fyrir þennan atburð.

#### IV

Eins og hér að framan var rakið viðurkenndi ákærði við aðalmeðferð að hafa haft samfarir við brotþola inni á baðherbergi hússins sem nefnt er í ákæru. Hann kvað samfarirnar hafa verið með vilja brotþola og hefðu þau sammælt um þær áður en þau fóru inn á baðherbergið eins og rakið var. Ákærði hafði verið yfirheyrður tvívegis af lögreglu. Í fyrri skýrslunni kannaðist hann við að hafa haft samfarir við brotþola í herbergi í húsinu en í síðari skýrslunni neitaði hann að hafa haft samfarir við hana.

Brotþoli hefur á hinn bóginn alltaf haldið því fram að ákærði hafi farið með hana inn á baðherbergi og haft þar samfarir við hana án hennar vilja. Hún hafi ekki getað spornað við samförunum, meðal annars vegna ölvunar. Fram er komið í málinu að brotþoli neytti áfengis eftir að hún kom í nefnt hús og varð allverulega ölvuð.

Framburður ákærða fyrir dómi er ekki ótrúverðugur. Hann hafði hins vegar gefið misvísandi skýrslur hjá lögreglu eins og grein hefur verið gerð fyrir. Ákærði bar að þau brotþoli hefðu sammælt um að fara og hafa kynmök eftir að hafa verið að kyssast og knúsast. Brotþoli ber á annan veg og hefur gert frá upphafi. Hún kvaðst hafa orðið verulega ölvuð og ákærði hafi farið með hana inn á baðherbergið og nauðgað henni eins og lýst hefur verið. Hún kannaðist ekki við að þau ákærði hefðu verið að kyssast eða að þau hefðu sammælt um að hafa kynmök. Það sem gerðist hefði ekki verið að hennar vilja. Það er mat dómsins að brotþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi og var greinilegt að skýrslugjöfin reyndi verulega á

hana.

Þegar ákærði og brotþoli fóru inn á baðherbergið voru tvö vitni í húsinu, húsráðandi og félagi brotþola. Húsráðandinn kvaðst ekki hafa séð ákærða og brotþola kyssast og félaginn mundi ekki eftir hvort þau höfðu verið að kyssast. Að öðru leyti var framburður þeirra óljós um aðdraganda þess að þau fóru inn á baðherbergið. Hafa verður í huga að húsráðandi var undir áhrifum áfengis og félaginn var aðeins 13 ára.

Þegar atburður sá gerðist sem málið er sprottið af var ákærði 18 ára og brotþoli 15 ára. Sannað er með framburði ákærða og brotþola, er fær stuðning í framburði vitna, að hún var verulega ölvuð. Ákærði kvaðst sjálfur hafa verið undir áhrifum kókaíns. Framburður hans um að brotþoli hafi sjálfviljug komið með honum inn á baðherbergið og haft við hann samfarir stangast á við eindreginn framburð hennar. Frásögn brotþola af því sem gerðist hefur frá upphafi verið hin sama og kemur heim og saman við framburð hennar fyrir dómi. Það er niðurstaða dómsins að við úrlausn málsins eigi að leggja til grundvallar trúverðugan framburð brotþola sem skýrt hefur á sama hátt frá atvikum frá upphafi. Framburður hennar fær stuðning af framburði framangreindra vitna er voru í húsinu á sama tíma. Einnig fær hann stuðning í framburði vitna sem hún skýrði frá atvikum eftir þau gerðust, fyrst þremur dögum síðar, og rakinn hefur verið. Það er niðurstaða dómsins að hafna framburði ákærða um að brotþoli hafi viljað hafa við hann samfarir. Þótt framburður hans fyrir dómi sé ekki ótrúverðugur verður við mat á honum að hafa í huga að það er þriðja útgáfa hans af því sem gerðist milli hans og brotþola nefndan dag. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákærinni og er brot hans þar rétt fært til refsíakvæða.

Ákærða hefur ekki áður verið refsað og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og sex mánuði.

Miskabætur til brotþola eru hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur og skulu þær bera vexti eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan í yfirheyrslu hjá lögreglu 3. október 2013 og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og laun réttargæslumanns brotþola, eins og þau eru ákveðin með virðisaukaskatti í dómsorði, en annan kostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarnir Arngrímur Ísberg dómsformaður, Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ingimundur Einarsson.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Sigurvin Bachmann, sæti fangelsi í 2 ár og sex mánuði.

Ákærði greiði K 1.200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. júní 2013 til 3. nóvember 2013 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 757.020 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýar Brynjólfsdóttur hdl., 327.360 krónur.

Arngrímur Ísberg  
Ingibjörg Þorsteinsdóttir  
Ingimundur Einarsson